



8. maí 2002

Breytt verkaskipting efnahagsstofnana

Fyrirhugaðar breytingar á verkaskiptingu Þjóðhagsstofnunar, Hagstofu og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins fela í sér grundvallarbreytingar á starfsemi efnahagsskrifstofunnar. Til þessa hafa meginverkefni skrifstofunnar verið eftirfarandi:

- > Umsjón með tekjuáætlun fjárlaga, eftirlit með innheimtuþróun og aðkoma að helstu verkefnum á sviði skattamála. Veigamikill þáttur í þessu starfi hefur snúið að undirbúningi og skrifum í fjárlagafrumvarp, fjárukalagafrumvörp, mánaðarlegar afkomuskýrslur ríkissjóðs auk margvíslegra skattalegra athugana, undirbúningi og mati á áhrifum skattkerfisbreytinga o.fl. Segja má að þessi þáttur hafi verið hrygglangjan í starfi skrifstofunnar til þessa.
- > Annar veigamikill þáttur í starfsemi skrifstofunnar hefur falist í almennri efnahagsráðgjöf til fjármálaráðherra og ríkisstjórnar. Þessi þáttur snýr bæði að stefnumörkun í ríkisfjármálum sérstaklega, m.a. við undirbúning fjárlaga, og efnahagsmálum almennit.
- > Þriðja meginverkefni skrifstofunnar lýtur að þátttöku í alþjóðastarfi sem hefur farið stigvaxandi á undanförunum árum. Þetta snýr í fyrsta lagi að þátttöku í reglubundnu samstarfi á sviði efnahags- og ríkisfjármála, svo sem á norrænum vettvangi, innan OECD, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og EFTA/ESB.
- > Fjórða meginverkefnið snýr að almennri upplýsingagjöf til innlendra aðila, sem felst m.a. í því að svara fyrirspurnum til Alþingis, aðila vinnumarkaðarins, fjármálastofnana og fjölmiðla auk sérstakra athugana og skýrslugerðar.
- > Loks má nefna þátttöku í fjölmörgum verkefnum á sviði efnahags- og ríkisfjármála, svo sem í lífeyris- og tryggingamálum, málefnum sveitarfélaga, umhverfismálum, kjarasamningum og aðgerðum stjórnvalda í tengslum við þá, mat á Kyotobókuninni, efnahagslegum áhrifum stóriðju o.fl.

Fyrirhugaðar breytingar koma til með að gjörbreyta verkefnahlutföllum í starfsemi efnahagsskrifstofunnar og kalla í reynd á endurskipulagningu frá grunni. Tvennt vegur þar þyngst:

- > Annars vegar stóraukið vægi skoðunar á stöðu og horfum í efnahagsmálum. Í þessu felst m.a. reglubundið mat og skýrslugerð um alla helstu þætti efnahagslífsins, svo sem á stöðu og afkomuhorfum atvinnuvega, útgjalda- og tekjuþróun heimila, utanríkisviðskiptum, þróun á alþjóðavettvangi o.fl.
- > Hins vegar frekari uppbygging og umsjón með reiknilíkönunum á sviði skattamála, lífeyrismála, sjávarútvegsmála o.fl. Þetta kemur til viðbótar þeirri vinnu sem þegar er hafin við undirbúning heildstæðs líkans vegna tekjuáætlunar fjárlaga sem einnig mun kalla á töluverða umsjölu.

Breytingarnar miða að því að tekið verði upp svipað fyrirkomulag og tíðkast hefur um langan aldur í öðrum löndum. Hér er því ekki um einangrað fyrirbæri að ræða heldur þykir ekki bara eðlilegt heldur beinlínis sjálfsagt að stjórnvöld birti efnahagsspár á sínum eigin forsendum, þ.e. á grundvelli efnahagsstefnu stjórnvalda og með hlíðsjón af faglegu mati á stöðu og horfum í efnahagsmálum að öðru leyti. Slíkar spár eru sá grunnur sem umræða um hugsanleg frávík, óvissuþætti og gagnrýni almennit byggist á.

Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt og m.a. talin hætta á að slíkar spár verði óraunhæfar og ekki marktækar. Þessi gagnrýni er að mati fjármálaráðuneytisins ekki réttmæt og úr takti við efnahagslegan raunveruleika í dag. Það sem skiptir öllu máli í dag er að forsendur allra aðgerða og áætlana, jafnt stjórnvalda sem fyrirtækja, einstaklinga, aðila vinnumarkaðarins o.fl. séu gagnsæar og aðgengilegar.

Til þess að greiða fyrir þessari þróun mun fjármálaráðuneytið leitast við að tryggja aðgengi allra aðila, m.a. aðila vinnumarkaðarins, fjármálastofnana o.fl., að ekki einungis forsendum spánna heldur einnig þeim spálíkönunum sem notast er við, m.a. með birtingu þeirra á netinu. Þannig gefst þessum aðilum færi á að gera sínar eigin spár á mismunandi forsendum.

Að mati fjármálaráðuneytisins mun þetta geta stuðlað að heilbrigðri og fordómalausri umræðu um efnahagsmál án ásakana um að þessar eða hinar efnahagsspár séu ómarktækar eða pólitískt lítaðar. Í þessu efni mun reynslan verða hinn endanlegi dómari hvað varðar trúverðuleika viðkomandi spár.

Reglur EES um ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna

Í umræðum að undanförunum um ríkisábyrgð á skuldabréfum útgefnum til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á sviði lyfjaþróunar hefur komið fram að íslensk stjórnvöld telja að slík ríkisábyrgð fái samrýmt reglum EES um ríkisaðstoð á sviði rannsókna og þróunar. Ástæða er til þess að gera stuttlega grein fyrir þessum reglum.

Í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á sviði ríkisaðstoðar er sérstaklega fjallað um ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna. Þar kemur fram að heimilt sé að veita ríkisaðstoð til slíkra verkefna að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þegar lagt er mat á hvort ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefnis sé heimil er sérstaklega horft til fjarlægðar fyrirhugaðs verkefnis frá markaði, frumkvæði verkefnis, að um nýja starfsemi sé að ræða hjá viðkomandi fyrirtæki, hversu hvetjandi ríkisaðstoðin er, aðgengi að niðurstöðum verkefnisins og áhrifum á samkeppni.

Við mat á fjarlægð verkefnis frá markaði er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hvers eðlis fyrirhugað verkefni sé og kostnaðarliði þess. Til að taka fjarlægð frá markaði hefur ESA skilgreint þrjú stig verkefna út frá nálægð þeirra við markaðinn: grunnrannsóknir, iðnaðarrannsóknir og rannsóknir sem tengjast undirbúningi markaðssetningar vöru eða þjónustu. Því fjar markaði sem fyrirhugað verkefni er þeim mun meiri má ríkisaðstoðin vera sem hlutfall af heildarfjárfestingarkostnaði (frán 25% í tilfelli undirbúningsrannsókna til 100% í tilfelli grunnrannsókna). Er þetta hlutfall ríkisaðstoðarinnar metið í hverju tilviki fyrir sig, byggt á ofangreindri þrískiptingu, og er heimilt að hækka hlutfallið í sérstökum tilvikum (t.d. ef um lítil og meðalstór fyrirtæki er að ræða eða ef verkefnið er í samræmi við áherslur rammaáætlunar ESB um rannsóknir og þróun).

Með kröfunni um nýja starfsemi er átt við að með verkefninu sé fyrirtækið að fara úr núverandi starfsemi sinni í nýja starfsemi sem það hefur ekki sinnt áður. Jafnframt er gerð krafa um að fyrirhugað verkefni feli að einhverju leyti í sér nýjung á viðkomandi sviði. Markmið ríkisaðstoðarinnar á því að beinast að því að gera fyrirhugað rannsóknar- og þróunarverkefni mögulegt og ná fram yfirlýstum jákvæðum áhrifum þess á vísindasamfélagið án þess að hafa skaðleg áhrif á viðkomandi samkeppnismarkaði.

32 félög óska heimildar til bókhalds í erlendri mynt

32 félög hafa sótt um heimild til færslu bókhalds og samningu ársreikninga í erlendum gjaldmiðli til ársreikningaskráar. Samkvæmt nýsamþykktum lögum er veittu þessa heimild þá þurfa félög almennit að sækja um slíka heimild tveimur mánuðum fyrir upphaf þess reikningsárs sem ætlunin er að hefja færslu bókhalds og gerð ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Þar sem lögin gerðu hins vegar ráð fyrir að félög gætu fengið þessa heimild vegna reikningsársins 2002 var félögum veittur frestur til 30. apríl á þessu ári vegna reikningsársins 2002. Það sem athygli vekur er að langflest þessara félaga hafa óskað eftir því að færa reikningsskil sín í bandaríkjadöllum eða 26 félög. Þá hafa 4 félög sótt um að fá að færa í evrum, 1 félag hefur sótt um að færa í pundum og 1 um að færa í norskum krónum.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Skatttekjur alls	8,8	2,9
Tekjuskattar	19,7	8,3
Tryggingagjöld	6,9	11,7
Eignarskattar	20,7	-17,5
Veltuskattar	0,5	-0,9
Tekjur alls	8,7	2,7

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Almenn mál	-1,8	22,1
Félagsmál	20,7	13,1
Atvinnumál	30,8	-4,0
Vaxtagjöld	37,8	-51,7
Önnur útgjöld	40,8	9,2
Gjöld alls	22,7	0,8

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-1548	-522
Hr. lánsfjárfjöldur	-3751	66
Afborganir lána	-6400	-10753
Br. lánsfjárfjöldur	-13902	-12938
Lántökur	13113	15634
Greiðsluafkoma	-789	2696

Ýmsar helstu hagtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga – apríl 2001/02	4,5	7,5
Kjarnaverðb. – apríl 2001/02	4,1	9,3
Launavísitala – mars 2001/02	9,2	8,7
Heildarvelta jan-des 00/01	8,4	12,7
Smás.velta jan-des 00/01	1,7	6,2
Atvinnuleysi – mars 2001/02	1,5	2,7